

Allengi hefur legið fyrir að ráðast þurfi í viðhaldsframkvæmdir á Friðarsúlu Yoko Ono í Viðey. Verkefnið er í meginatriðum tvíþætt - annar vegar endurbætur og uppfærslur á tæknibúnaði og hins vegar lagfæringar á „óskabrunni“ sem ljóssúlan rís upp úr og palli umhverfis brunninn sem þakinn er þrenns konar íslensku grjóti.

Framkvæmdir ganga samkvæmt áætlun.

Í kjölfar verð- og hæfnikönnunar var samið um smíði og uppsetningu tæknibúnaðar við ítalska framleiðendur sem komu að smíðum og uppsetningu tæknibúnaðarins í upphafi. Búnaður var fluttur til landsins í sumar og út í Viðey 23. júlí en þá voru tæknimenn frá fyrirtækinu komnir til landsins og unnu að uppsetningu fram í ágúst. Vinnan gekk samkvæmt áætlun og hefur búnaður verið prófaður og virkar vel. Fyrir liggur að fínstilla geislann í lok september og verður sú vinna unnin af tæknimönnum safnsins.

Viðgerð á steinlögn hefst á næstu dögum og á henni að ljúka fyrir tendrun þann 9. október.

Kostnaður er fjármagnaður með eftir farandi hætti; 20 milljón krónur eru fjármagnaðar af fjarfestingaáætlun, 10 milljón krónur styrktarsamningur við Orkuveituna og leggur Yoko Ono til allt að 4 milljónir.

Kostnaðaráætlun **32.830.215.- kr.;**

1. áfangi

- 7kW ljós (stærri ljósin) endurnýjun. MaxVH Ítalíu
 - Heildarkostnaður með flutning og tollafgreiðslu: **19.031.695**

2. áfangi

- 2kW ljós (minni ljósin) LED 2.880.000 kr
- Steypuviðgerðir 6.650.000 kr
- LED ljósalínur 3.279.000 kr
- Heildarkostnaður áætlun **13.798.520**